

CHILLAGO



JÓHANNA GUÐRÚN ÞÓRDÍS BJÖRK ARNÐÓR ÞÓRSTEINSSON BJARTMAR ÞÓRDARSON BJÖRGVIN FRANZ MARGRÉT EIR

LEIKFÉLAG
AKUREYRAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
NORÐURLANDS



ÁVARP

Söngleikurinn Chicago eftir John Kander, Fred Ebb og Bob Fosse var frumsýndur á Broadway árið 1975 í leikstjórn Bob Fosse og er einn þekktasti söngleikur allra tíma. Verkið fjallar um glæpakonur í Chicago á þriðja tug síðustu aldar og er byggt á samnefndu leikriti blaðakonunnar Maurine Dallas. Fyrirmyndir þess eru raunverulegir sakborningar. Það er Gven Verdon, eiginkonu Fosse, að þakka að Chicago varð að veruleika því hana hafði dreymt lengi um að búa til söngleik upp úr þessari sögu. Hún sannfærði eiginmann sinn um að taka verkefnið að sér og lék sjálf hlutverk Roxýjar í frumuppfærslunni árið 1975. Bob Fosse er án efa einn áhrifamesti danshöfundur 20. aldarinnar á sviði söngleikja og talið er að Verdon hafi ætíð veitt honum mikinn innblástur. Chicago ber samvinnu þeirra fagurt vitni þar sem dans og söngatriði fremur en talaður texti eru meginuppistaða verksins.

Leið höfundanna, Fosse, Kander og Ebb, að sögunni verður að teljast mjög athyglisverð og snjöll en söngleikurinn Chicago er í anda Vaudeville og framandgervingar Bertolt Brechts. Vaudeville var ein vinsælasta skemmtunin í Bandaríkjunum í byrjun 20. aldar og gekk oftast en ekki út á að ögra viðteknum staðalímyndum og hæðast að samfélaginu með kómík að leiðarljósi. Vaudeville má líkja við kabarett eða revíu, samsafn af ólíkum skemmtatriðum þar sem fjölbreytni og léttleiki var í fyrirrúmi. Öll söng- og dansatriðin í Chicago eru byggð á þekktum Vaudeville-atriðum og styðja þau vel við ádeiluna í verkinu með ýktri og kaldhæðinni framsetningu. Framandgervingin í verkinu minnir áhorfendur stöðugt á að þeir eru í leikhúsi og að allt sem fram fer á sviðinu er tilbúningur. Þessi umgjörð sýningarinnar gefur listamönnum ákveðið frelsi á sviðinu og beint aðgengi að áhorfendum. Chicago er satírisk ádeila á skemmtanaíðnaðinn og það hvernig fjölmiðlar geta gert glæpamenn að stjörnum. Eða eins og verjandi Roxýjar segir á einum stað í verkinu: „Þetta er bara leikhús, væna mín ...Þessi réttarhöld. Allt sem þú sérð í kringum þig. Bara sirkus. Tilbúningur.“ Persónurverksins

draga áhorfendur með sér inn í lygina og yfirborðsmennskuna og þeir hrifast með þrátt fyrir að þeir viti allan tímann að sannleiknum hefur verið snúið á hvolf og spillingin sé öllu yfirsterkari. Söngleikurinn tekur því á sig mynd þess sem hann gagnrýnir. Hetjur verksins eru glæpamenn og áhorfendur klappa þeim lof í lófa. Frumuppfærsla Bob Fosse á að hafa undirstrikað þetta en hún þótti myrkari en þær sem á eftir komu. Hann notaði kynferðislegan undirtón sem aðferð til að tæla áhorfendur blygðunarlaust inn í hræsnina og sjálfhverfuna sem blasir við okkur enn í dag.

Árið 1996 setti Ann Reinking upp einfaldaða útgáfu af Chicago á Broadway til heiðurs Bob Fosse. Reinking hafði verið unnusta Fosse um árabíl og dansað og leikið í mörgum verka hans. Kóreografía þeirrar uppfærslu var unnin af Reinking en í anda Fosse enda þekkti hún höfundarverk hans vel. Skemmst er frá því að segja að sýningin sló í gegn, hefur unnið til fjölda verðlauna og gengur enn fyrir fullu húsi rúmlega 20 árum síðar.

Þetta er í þriðja skipti sem Chicago er sett upp á Íslandi en fyrsta sýningin var í Þjóðleikhúsinu 1984 í þýðingu Flosa Ólafssonar og sú síðasta í Borgarleikhúsinu 2004 í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar, sem nú hefur verið endurskoðuð fyrir sýningu Leikfélags Akureyrar.

Söngleikurinn Chicago er sannkölluð veisla fyrir skynfærin, beitt, glæsileg, fyndin og óskammfeilin. Það er ekki að ástæðulausu að þetta er einn vinsælasti söngleikur í heimi. Við fáum nefnilega aldrei nóg af Chicago.

Marta Nordal






LEIKARAR

ARNÞÓR ÞÓRSTEINSSON

Arnþór Þórsteinsson útskrifaðist úr Kvikmyndaskóla Íslands árið 2012 með diplómu í leiklist. Eftir það fór hann að vinna í Tjarnarbíói sem bæði sviðs- og tæknistjóri. Í því umhverfi lá leiðin inn í töfrandi tækniheim leikhússins og hefur hann unnið hin ýmsu störf við ótal sýningar í sjálfstæðu leikhússenunni, þó aðallega við ljósahönnun. Einnig hefur Arnþór kennt listgreinar í grunnskólum og fyrir fólk með sérþarfir. Arnþór er hreinræktaður norðanmaður sem hefur verið búsettur á


höfuðborgarsvæðinu stóran hluta af ævi sinni en flutti aftur norður fyrir fjórum árum síðan. Þá stofnaði hann til samstarfs með tónlistarmanninum Jónasi Þór og mynda þeir dúóið Jónas Þór og Arnþór sem flytur tónlist við hin ýmsu tækifæri auk þess að stunda tónsmíðar. Arnþór er mjög þakklátur og hamingjusamur með ferlið við að setja upp Chicago og hlakkar til að fá að sýna ykkur afrakstur þess.



BJARTMAR ÞÓRÐARSON

Bjartmar Þórðarson hefur komið víða við í sviðslistum, innan sviðs sem utan. Eftir dansþjálfun sem barn og unglingur lá leiðin í leikhúsið og varð þá ekki aftur snúið. Eftir fjölmargar menntaskólasýningar, sumarsöngleiki og stúdentalleikhús lá leiðin til London í leiklistarnám, og útskrifaðist hann frá hinum virta Webber Douglas Academy of Dramatic Art árið 2004. Einnig útskrifaðist hann með M.A.-gráðu í leikstjórn frá Rose Bruford College í London árið 2008. Bjartmar hefur leikið í og leikstýrt fjölda leikverka í atvinnuleikhúsi í gegnum tíðina ásamt því að vinna sem dramatúrg, leikskáld og þýðandi með sjálfstæðum leikhópum. Meðal leikverkefna hans á sviði


má nefna Túskildingsóperuna við Þjóðleikhúsið, Footloose í Borgarleikhúsinu, Skepnu í Tjarnarbiói og Improv Ísland, ásamt því sem hann hefur verið virkur meðlimur í söng- og leikhópnum Viðlagi sem sýnir um þessar mundir í Þjóðleikhúskjallaranum. Bjartmar starfar samhliða leiklistinni einnig sem tónlistarmaður og Complete Vocal Technique raddþjálfari. Hann hefur gefið út þrjár sólóstuttskífur með frumsömdu rafpoppi, plöturnar Deliria, Broken og nú síðast Secondhand Dream. Bjartmar hefur, auk ástríðunnar fyrir sviðslistum, gríðarlegan áhuga á uppgerð lúinna gamla húsa og sinnir slíku þegar tími gefst samhliða listinni.



BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON

Björgvin Franz Gíslason útskrifaðist úr Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2001 en fyrsta verkefni hans eftir útskrift var í söngleiknum Hedwig og Reiða restin hjá Leikfélagi Íslands og skömmu síðar hlutverk Benedikts Búálfs í Loftkastalanum. Frá 2002 til 2006 starfaði Björgvin hjá Þjóðleikhúsinu og lék meðal annars í sýningunum Halti Billi, Allir á svið, Dýrin í Hálsaskógi og Rikharður III. Árið 2011 lék hann svo í söngleiknum Buddy Holly hjá Senu, og starfaði sem veislustjóri, kynsir, töframaður og eftirherma fyrir hin ýmsu fyrirtæki, skóla og bæjarhátíðir víðsvegar um landið. Hann skrifaði og lék í Jólaævintýri Smáralindar þrjú ár í röð, ásamt Erni Árnasyni og Sigríði Beinteinsdóttur. Björgvin var lengi vel fastráðinn hjá Stúdíó Sýrlandi við að talsetja teiknimyndir ásamt því að vera þýðandi og kenna talsetningu.


Árið 2008 tók hann við sem umsjónarmaður Stundarinnar okkar og vann þar samfellt í þrjá vetur, eða fram til vorsins 2011 þegar Stundin okkar vann Edduna fyrir besta barnaefnið. Björgvin starfaði hjá Borgarleikhúsinu árin 2017-2020 og lék meðal annars í söngleiknum Ellý, Jólaflækju og Matthildi. Björgvin þreytti frumraun sína sem leikskáld og leikstjóri í barnaleiksýningunni Flóttinn frá Nótnaheimum, sem hann skrifaði ásamt Ólafi Reyni Guðmundssyni, en hún var sýnd í Hörpu árið 2018. Fyrsta verkefni Björgvins hjá Leikfélagi Akureyrar var í mars 2021 þegar hann lék hlutverk Aðalsteins álfakonungs í söngleiknum Benedikt Búálfur. Árið eftir lék hann Lárensíus Sýslumann í leikritinu Skugga Sveinn en nú er hann mættur til leiks í hlutverki Billý Flynnns í Chicago.



JÓHANNA GUÐRÚN

Jóhanna Guðrún fæddist árið 1990 og hefur verið ein ástælasta söngkona landsins um árabil. Hún byrjaði ferilinn sem barnastjarna en hún var aðeins níu ára þegar platan Jóhanna Guðrún kom út. Platan hlaut mikið lof gagnrýnenda og seldist í yfir 10 þúsund eintökum á aðeins hálfu ári. Jóhanna Guðrún hefur síðan gefið út nokkrar plötur á borð við Jól með Jóhönnu, Butterflies and Elvis og Ég sjálf. Hún vakti heimsathygli þegar hún flutti framlag Íslands í Eurovision-keppninni árið 2009, en


íslenska atriðið, Is it True, endaði í öðru sæti. Jóhanna tók þátt í tónleikauppfærslu á söngleiknum Evitu í Hörpu árið 2020 og var í hlutverki Sandy í tónleikasýningunni Grease, sem sett var upp í Laugardalshöll síðasta haust. Að auki söng hún með hinum heimsfræga söngvara Andrea Bocelli á tónleikum hans í Kórnum síðasta sumar. Og nú er hún mætt norður í Samkomuhúsið til að takast á við hlutverk Velmu í Chicago.



MARGRÉT EIR

Margrét Eir lauk námi í leiklist við musical theater deild Emerson College í Boston 1998. Hún stundaði söngnám við Tónlistarskólann í Reykjavík og FÍH. Hún hefur starfað sem ein af okkar fremstu söngkonum í yfir þrjátíu ár. Á þessum árum hefur hún starfað með öllum helstu tónlistarmönnum landsins, komið fram á fjöldanum öllum af tónleikum, sungið inn á óteljandi upptökum og komið fram í sjónvarpi og útvarpi. Hún hefur meðal annars komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Frostrósum og Rigg tónleikaviðburðum. Hún hefur

gefið út fjórar sólóplötur og þrjár með hljómsveitinni Thin Jim and the Castaways. Hún hefur verið tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna nokkrum sinum. Margrét Eir hefur starfað á öllum stærstu leiksviðum landsins og hefur þar leikið og sungið í sumum af vinsælustu söngleikjauppfærslum sem settar hafa verið á svið á Íslandi. Má þar nefna Oliver hjá LA, Hárið, Mary Poppins í Borgarleikhúsinu og Vesalingana í Þjóðleikhúsinu.



ÞÓRDÍS BJÖRK ÞORFINNSDÓTTIR

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir útskrifaðist af leikarabraut Listaháskóla Íslands vorið 2019. Ferill hennar hófst snemma og tók hún þátt í hinum ýmsu uppfærslum á sínum yngri árum, m.a. í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Þá hefur hún starfað við tónlist sem söngkona, m.a. sem meðlimur í hljómsveitinni Reykjavíkurdætur en þær hafa komið fram á stærstu tónlistarhátíðum heims undanfarin ár og slógu í gegn í Söngvakeppninni 2022. Þórdís hefur talað inn á fjöldann allan af teiknimyndum og barnaefni og lék meðalannars Önnu í Frozen

I og II og Poppy í Trolls. Auk þess hefur hún lesið hljóðbækur hjá Storytel og fengið Íslensku hljóðbókarverðlaunin fyrir lestur sinn. Hún fór með hlutverk Wendlu í Söngleiknum Vorið vaknar hjá Leikfélagi Akureyrar, sem var sett upp árið 2020, hlutverk Dídíar mannabarns í söngleiknum Benedikt búálfur, hlutverk Mæju jarðarbers í Ávaxtakörfunni, sem var sýnd í Hörpu 2022, og hlutverk Ástu í Skugga Sveini, sem LA sýndi á síðasta leikári. Í Chicago fer Þórdís Björk með hlutverk Roxý.

LEIKARAR

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir	Velma
Þórdís Björk Þorfinnsdóttir	Roxý
Margrét Eir	Mama Morton
Björgvin Franz Gíslason	Billy Flynn
Arnpór Þórsteinsson	Adam
Bjartmar Þórðarson	Marta Smarta
Anita Rós Þorsteinsdóttir	Hófi, Anna og fleiri hlutverk. Anita Rós er einnig danskafeinn sýningarinnar
Ahd Tamimi	Felix, Sammi, Aron Alexander og fleiri hlutverk
Elma Rún Kristinsdóttir	Maddí og fleiri hlutverk
Jónína Björt Gunnarsdóttir	Katalína, saksóknari og fleiri hlutverk
Kata Vignisdóttir	Jení og fleiri hlutverk
Molly Carol Birna Mitchell	Lísa og fleiri hlutverk








LISTRÆNIR STJÓRNENDUR


MARTA NORDAL



Marta Nordal tók við sem leikhússtjóri LA vorið 2018. Marta hefur starfað sem leikkona hjá Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu en undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að leikstjórn. Hún stofnaði leikhópinn Aldrei óstelandi árið 2010, ásamt Eddu Björgu Eyjólfsdóttur. Hópurinn hefur framleitt sýningar á borð við Fjalla-Eyvind, Lúkas, Ofsa og Natan. Auk þess hefur Marta leikstýrt fjölda verka fyrir útvarp. Hún leikstýrði söngleiknum Rocky Horror, sem sýndur var í Borgarleikhúsinu, og Kabarett, sem sýndur var í Samkomuhúsinu á síðasta leikári. Marta

er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA-gráðu í leiklist frá The Bristol Old Vic Theatre School. Hún hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa innan sviðslista, en hún sat meðal annars um langt skeið í stjórn Leikfélags Reykjavíkur og í stjórn Íslenska dansflokksins, auk þess sem hún var forseti Sviðslistasambands Íslands 2013–2017. Marta leikstýrði söngleiknum Vorið vaknar hjá Leikfélagi Akureyrar árið 2020, Mutter Courage, sem var samstarf LA, LHÍ og Þjóðleikhússins, árið áður og Skugga Sveini á síðasta leikári.

ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónskáld, gítarleikari og upptökustjóri, hefur frá táningsaldri fengist við tónsmíðar og tónlistarstjórn í leikhúsum og kvikmyndum sem og á hljómplötum. Hann er stofnandi og lagahöfundur hljómsveitarinnar Todmobile og hefur gefið út með henni tíu hljómplötur. Eftir hann liggur tónlist við átta söngleiki sem allir hafa verið settir upp í atvinnuleikhúsum. Þar má nefna Ávaxtakörfuna, Gulleyjuna, Gosa og Gallsteina Afa Gissa. Hann hefur auk þess að stjórnað tugum söngleikja í leikhúsum landsins, þar á meðal Vesalingunum, Evitu, Phantom of the

Opera, Kabarett, Hárinu og Spamalot. Hann hefur samið fjölda tónverka fyrir sinfóníuhljómsveitir og aðra hljóðfærahópa og dægurlög fyrir fjölda listamanna. Hann hefur tvívegis hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og mörgum sinnum verið tilnefndur til Grímuverðlauna. Hann er núverandi framkvæmdastjóri kvikmyndatónlistarverkefnisins SinfoniaNord í Hofi og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, sem lék sinfóníuna Völuspá eftir Þorvald í Hofi og í Færeyjum. SN lék einnig inn á undirspil sýningarinnar Benedikt Búálfur, sem sýnd var í Samkomuhúsinu. Þorvaldur Bjarni er tónlistarstjóri Chicago.

LEE PROUD



Lee Proud er margverðlaunaður leikstjóri og danshöfundur sem hefur starfað í heimalandi sínu Bretlandi, Japan, Danmörku og sínu öðru heimalandi, Íslandi. Árið í ár markar tíunda árið sem Lee starfar hér á landi. Hann hefur samið dansa fyrir bæði Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið fyrir verk á borð við Níu líf, Emil í Kattholti, Matthildi, Rocky Horror Show, Mamma Mia, Billy Elliot, Mary Poppins, Sem á himni og Draumþjófinn. Lee hefur jafnframt starfað í fjögur ár sem listrænn stórnandi Söngvakeppninnar. Í heimalandi sínu hefur hann komið að mörgum stórum söngleikjum á borð við Oliver, Fiddler on the

Roof, Billy Elliot, Legally Blonde, RENT, Ghost the Musical, Spring Awakening, Grand Hotel, Mack and Mabel og The Music of Andrew Lloyd Webber. Hann leikstýrði og samdi dansinn fyrir dönsku uppsetninguna á Kinky Boots, sem vann Reaumert Award verðlaunin fyrir Besta söngleikinn 2022. Hann mun snúa aftur til Danmerkur árið 2023 til að leikstýra söngleiknum Sister Act. Lee er spenntur að snúa aftur til Akureyrar og starfa aftur með Mörtu Nordal en þau unnu saman að söngleikjunum Kabarett og Vorið vaknar og nú Chicago.

EVA SIGNÝ BERGER



Eva Signý Berger lærði leikmynda- og búningahönnun við Central Saint Martins í London og hefur nú hannað yfir 40 verk fyrir leikhús, dans, óperu og brúðuleikhús.

Meðal sýninga sem Eva hefur hannað leikmynd og/eða búninga fyrir í Borgarleikhúsinu eru Emil í Kattholti, Þétting hryggðar, Bæng!, Auglýsing ársins og Hystory. Fyrir Þjóðleikhúsið eru meðal verka hennar Ást og upplýsingar, Jónsmessunæturdraumur, Óvinur fólksins, Tímabjófurinn, Um það bil og Konan við 1000°. Meðal annarra verka hennar eru Evgení Onegin og Hans og Gréta fyrir Íslensku óperuna, Brúðumeistarinn með Bernd Ogrodnik, Stúlkan sem stöðvaði heiminn og Skrímslið litla systir mín með Leikhúsinu 10 fingrum, myndlistar- og dansverkið

Atómstjarna, sem sýnt var í Ásmundarsal, og Insomnia og Góðan daginn faggi með Stertabendu. Eva hefur síðustu ár átt farsælt samstarf við danshöfundinn Katrínu Gunnarsdóttur en meðal verka þeirra eru Shades of History og Crescendo í Tjarnarbíói, Þel fyrir Íslenska dansflokkinn og nú síðast Alda, dansverk og innsetning sem var hluti af Listahátíð Reykjavíkur 2022 og verður sýnd í Noregi og Finnlandi 2023. Eva hefur hlotið tíu tilnefningar til Grímunnar, ýmist fyrir leikmynd eða búninga, og árið 2019 fór hún sem fulltrúi Íslands á Prag Fjóræringinn (PQ), heimssýningu sviðslistahönnunar í Prag.


Frekari upplýsingar og myndir af verkum má finna á evaberger.is

BJÖRG MARTA GUNNARSDÓTTIR



Björg Marta Gunnarsdóttir hefur áður unnið að sýningum fyrir Leikfélag Akureyrar. Hún var til að mynda aðstoðarbúningahönnuður í Vorið vaknar og Lísu í Undralandi. Þá kom hún einnig að hönnun búninga í Kabarett, Mutter Courage og Svörtum ketti. Björg Marta lærði fatahönnun í Antwerpen og Barcelona og útskrifaðist frá IED í Barcelona. Þá starfaði hún í tvö ár sem aðstoðarhönnuður hjá John Rocha í Dublin. Eftir heimkomu til Íslands hefur Björg, eins og fyrr segir, komið að búningahönnun fyrir leikhús ásamt því að vinna að eigin list. Björg Marta hannaði búningana í Skugga Sveini og er núna búningahönnuður Chicago.

ÓLAFUR ÁGÚST STEFÁNSSON



Ólafur Ágúst Stefánsson er sjálfstætt starfandi ljósameistari. Hann lærði ljósahönnun hjá Lárusi Björnssyni og hefur hannað lýsingu fyrir hátt í 80 leiksýningarí atvinnuleikhúsi, mest í Þjóðleikhúsinu en einnig fyrir sjálfstæða leikhópa, Þjóðleikhús Grænlandinga, Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar. Hann hefur einnig mikla reynslu í ljósahönnun fyrir tónlistarviðburði. Ólafur fékk Grímuna – Íslensku leiklistarverðlaunin vorið 2020 fyrir ljósahönnun ársins. Hann hefur einnig fengið fjölda annarra tilnefninga til sömu verðlauna og einnig til menningarverðlauna DV.

HARPA BIRGISDÓTTIR





Harpa Birgisdóttir hársnyrtimeistari starfar sem hársnyrtikennari og brautarstjóri hársnyrtideildar við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún útskrifaðist sem hársnyrtisveinn árið 2000, frá lðnskólanum í Reykjavík. Harpa hefur starfað fyrir Leikfélag Akureyrar frá 2004, síðar Menningarfélag Akureyrar frá 2010. Fyrsta leiksýningin var Oliver Twist og síðan þá hefur Harpa komið að nánast öllum sýningum leikfélagsins með einum eða öðrum hætti. Hún hefur séð um hárgreiðslu, förðun, sýningarstjórn og sviðsmennsku, og síðustu 13 árin hefur hún hannað gervi fyrir sýningarfélagsins. Má þar nefna Rocky Horror, Gulleyjuna, Svörtu kómedíuna, Fúlar á móti, Gallsteina afa Gissa, Vorið vaknar, Kabarett, Benedikt búalf og nú síðast Skugga Svein.

VIGNIR ÞÓR STEFÁNSSON



Vignir Þór Stefánsson er hljómsveitarstjóri og píanóleikari Chicago. Hann hóf tónlistarnám sitt átta ára gamall í Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi og lauk síðar Tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, ásamt því að stunda nám við Tónlistarskóla FÍH. Átján ára gamall byrjaði hann að leika á dansleikjum með hljómsveitinni Karma frá Selfossi og lék með henni næstu árin. Hann lauk mastersgráðu í djasspíanóleik frá Konunglega Tónlistarháskólanum í Haag og meðfram námi lék hann með djassböndum af ýmsum stærðum og gerðum. Að námi loknu í Hollandi vann hann sem hljómborðsleikari í söngleikjum í atvinnuleikhúsum þar í landi.

Eftir að Vignir fluttist til Íslands hefur hann komið víða við í íslensku tónlistarlífi, spilað með söngvurum, sönghópum og kórum, komið fram í sjónvarpi og leikið inn á upptökur. Hann var hljómborðsleikari í fjölmörgum söngleikjum sem settir hafa verið upp í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu og má þar nefna Mary Poppins, Billy Elliott, Rocky Horror, Mamma Mia, Matthildi, Vesalingana og Sem á himni, auk tónleikauppfærslna á Evita og Jesus Christ Superstar.





LIST- RÆNIR STJÓRN- ENDUR

OG TEYMIÐ

Umsjónarmaður leikmyndar, sviðs, leikmuna og búninga

Leikmyndavinna

Hljóðkeyrsla á sýningum

Ljósakeyrsla á sýningum

Búningasaumur og aðstoð við búningagerð

Hár og smink

Aðstoð við hár og smink

Ljósmyndari

Höfundar

Leikstjóri

Tónlistarstjóri

Danshöfundur

Leikmynd

Búningar

Ljósahönnuður

Hljóðhönnuður

Leikgervi

Þýðing

Hljómsveitarstjóri

Sýningastjóri

Aðstoðarsýningastjóri

Smíði leikmyndar

John Kander, Fred Ebb og Bob Foss

Marta Nordal

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Lee Proud

Eva Signý Berger

Björg Marta Gunnarsdóttir

Ólafur Ágúst Stefánsson

Sigurvald Ívar Helgason

Harpa Birgisdóttir

Gísli Rúnar Jónsson

Vignir Þór Stefánsson

Þórunn Geirsdóttir

Unnur Anna Árnadóttir og Guðný Ósk Karlsdóttir

Vélsmiðja Steindórs og Hreiðarssynir

Jasmina Wojtyła

Magnús Viðar Arnarsson og Ágúst Örn Pálsson

Ágúst Örn Pálsson og Bernharð Már Sveinsson

Ólafur Ingi Sigurðarson

Anna María Sigmundsdóttir

Arney Ágústsdóttir, Heiðdís Óladóttir Austfjörð, Guðný Ósk Karlsdóttir

Heiðrún Sigurðardóttir

Auðunn Nielsson

HLJÓMSVEITIN

Hljómsveitarstjóri og píanó	Vignir Þór Stefánsson
Trommur/Slagverk	Emil Þorri Emilsson
Túba/Bassi	Helgi Þorbjörn Svavarsson
Horn/Wagnerhorn	Kjartan Ólafsson
Trompet/Básúna	Sóley Björk Einarsdóttir
Trompet	Jóhann Stefánsson / Vilhjálmur Ingi Sigurðarson
Tréblástur 1.	Una Hjartardóttir
Tréblástur 2.	Ármann Helgason / Helga Björg Arnardóttir
Tréblástur 3.	Michael Weaver
Fiðla	Marcin Lazarz



ÞAKKIR

Bjarney Viðja Vignisdóttir

Gígja Hansen

Halldór Jónsson heildverslun

Hertex

Hildur Marín Gísladóttir

Jóakim Meyvant

Menntaskólinn á Akureyri

Rauði Krossinn við Eyjafjörð

Sóley Eva Magnúsdóttir

Starfsfólk Menningarfélags Akureyrar

Vala Fannel

CHICAGO

